GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFSTÆÐI - METNAÐUR - SAMKENND

Skólaráðsfundur

18. nóvember 2026 kl. 15:00

Mætt: Adela Marcela Turloiu, kennari, Aníta Sif Vigfúsdóttir, nemandi, Alma Björk Clausen, kennari, Ari Bent Ómarsson, foreldri, Guðjón Kristinn Kristgeirsson, nemandi, Guðni Eiríkur Guðmundsson, aðstoðarskólastjóri (ritari), Katharina Kotschote, foreldri, Kristín Ósk Jónsdóttir, foreldri, Margrét Eva Einarsdóttir, þroskaþjálfi og Vilborg *Lilja* Stefánsdóttir, skólastjóri (VLS).

Dagskrá fundarins:

1. VLS fór yfir almennt hlutverk skólaráðs með vísan í handbók um skólaráð og meðlimir skólaráðs kynntu sig.
2. Farið yfir áherslur vetrarins og í hverju vinna vetrarins felst. Rætt um starfsáætlun og skólanámskrá GSnb. Þar kom m.a. fram að eftir áramót mun vinna Gæðaráðs hefjast. Ákveðið hefur verið að Skólaráð mun þetta skólaárið taka að sér hlutverk Gæðaráðs en í því felst vinna við innra mat og fleira. Stefnt er að því að leggja fyrir kannanir í upphafi næsta árs – stefnt að fyrirlögn í febrúar. Umræður sköpuðust um Skólapúlsinn sem hefur lagt slíkar kannanir fyrir.
3. Kynning á Menntastefnu Snæfellsbæjar (2026–2031).
4. Farið var yfir starfsmannamál og skipurit GSnb kynnt ráðinu.
5. VLS greindi frá nýju verklagi um viðbrögð við frávikum í ástundun.
6. Greint frá framkvæmdum á árinu 2026 og frá fjárveitingum upp á 40 m.kr. til endurnýjunar skólalóða við starfsstöðvar sem skiptast á næstu fjögur ár. Þá sagði VLS frá því að fjárhagsáætlun væri ekki tilbúin fyrir næsta ár en þeirri vinnu er að ljúka.
7. Áherslur skólaársins 2026-27; Lestur – Samskipti – Gæði náms.
8. Um skólastarfið. Undanfarið hefur ýmislegt verið í skólanum – nemendaþing í 7.–10. bekk, valgreinar eru komnar á fullt skrið, og þá kynnti VLS það sem væri á döfinni: Bókaveisla 10. bekkjar, piparkökudagurinn 28. nóvember, auk þess sem upptökur við Jólaútvarp standa yfir og verður sent út 11.–17. desember. Skólastjóri benti á upplýsingaveitur skólans – heimasíðu og FB-síðu og umsjónarkennarar senda foreldrapósta á Mentor.
9. Önnur mál – GEG kynnti helstu niðurstöður af nemendaþingi

Fundi slitið kl. 16:15